

Fundargerð

Fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og starfsmaður nefndarinnar Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð. Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi boðaði forföll. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

1. Efnahagsleg áhrif Covid á fjármál sveitarfélaga

Umræður um efnahagsleg áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaga.

Ljóst er að áhrif Covid-19 munu ná til fjármála sveitarfélaga. Á þessari stundu eru áhrifin óljós en nefndin er meðvituð um neikvæða þróun fjármála sveitarfélaga á árinu 2020. Nefndin fylgist náið með þróun mála á næstu vikum og metur aðstæður.

Samþykkt að rita bréf til sveitarfélaga og minna á ákvæði fjármálakafla sveitarstjórnarlaga um ábyrgð sveitarstjórna og miklar fjárfestingar í ljósi þess að ákvæði 64. gr. laganna hefur tímabundið verið vikið til hliðar. ÞÓ og EB falið að rita bréfið.

Fundi lauk kl. 10:20

